

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Seyðisfirði Seyðisfjörður



Dags eftirlits	22.9.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan Seyðisfirði	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Strandarvegi 1 - 11	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Eggert Ólafur Einarsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Þórhallur J. Jónasson	Staðsetning	733858,42 539323,093

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú ný frávík komu fram í eftirlitinu: a) Opið niðurfall er í efnageymslu. b) Lýsisgeymar hafa ekki verið þykktarmældir. c) Magn fitu í frárennsli frá fitugildru var yfir mörkum í starfsleyfi, í mælingu sem var gerð 12.-13. febrúar 2022. Auk þess voru fimm ábendingar gerðar: a) Rekstraraðila er bent á að mæla aftur hraða útblásturslofts þegar katlar eru á eðlilegu vinnsluálagi. b) Rekstraraðila er bent á að mæla skal lýsi í frárennsli olíuskilju sem tengd er niðurfalli í lýsispró, að lágmarki á þriggja ára fresti. c) Rennslismælingar skulu fylgja niðurstöðum mælinga á fitu, svifefnum og COD. d) Viðurkenndur búnaður sem tryggir að hámarksafköst verksmiðjunnar séu innan settra marka skal vera í lagi. e) Stærð lekavarnaþróar skal vera í samræmi við ákvæði starfsleyfis, auk þess sem uppfylla þarf þau skilyrði sem sett eru fyrir að minnka rýmd hennar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá fiskimjölverksmiðju Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði. Eggert Ólafur Einarsson verksmiðjustjóri og Þórhallur J. Jónasson gæðastjóri voru fulltrúar rekstraraðila og Freyr Ævarsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Fiskimjölverksmiðja Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 29. október 2014 og gildir til 29. október 2030.

Starfsleyfið heimilar framleiðslu á fiskimjöli og lýsi úr 1.400 tonnum á sólarhring, af fiski, afskurði og aukaafurðum sem ætlaðar eru til vinnslu í verksmiðjunni.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
4. Önnur mál
5. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

A) Farið var yfir ábendingar sem komu fram í síðasta eftirliti:

i) Ábending var gerð um að við geymslu og meðhöndlun efna skuli takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er, en opið niðurfall er í efnageymslu. Sambærileg ábending var gerð í skýrslu árið 2019 og er því skráð frávík frá starfsleyfi vegna þessa.

ii) Rekstraraðila var bent á að mæla skuli ryk og útblásturshraða þegar katlar eru á eðlilegu vinnsluálagi. Niðurstöður mælinga árið 2020 sýndu að útblásturshraði var of lítill, en magn ryks var innan marka starfsleyfisins. Farið er fram á að rekstraraðili mæli aftur útblásturshraða þegar katlar eru á eðlilegu vinnsluálagi og sendi Umhverfisstofnun niðurstöður þeirra mælinga.

iii) Mæla skal lýsi í frárennsli olíuskilju sem tengd er niðurfalli í lýsispró, að lágmarki á þriggja ára fresti skv 6. tl. 20. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Samkvæmt rekstraraðila verður það gert nú í haust (2022) og niðurstöður þeirrar mælingar sendar Umhverfisstofnun..

B) Farið yfir önnur atriði sem komu fram í síðustu eftirlitsskýrslu:

i) Lýsisgeymar höfðu ekki verið þykktarmældir en til stóð að gera það eftir síðasta eftirlit. Enn hafa lýsisgeymar ekki verið þykktarmældir en skv. rekstraraðila verður einn þeirra tæmdur í haust og þá þykktarmældur og hinir þykktarmældir þegar þeir verða tæmdir næst. Þar sem krafa um að lýsisgeymar séu þykktarmældir er orðin nokkurra ára gömul en hefur þrátt fyrir það ekki verið sinnt, er það skráð sem frávík frá starfsleyfi.

ii) Bent var á að þrýstiprófa skuli niðurgrafnar olíulagnir á landi og allar löndunarlagnir á fimm ára

fresti en útskipunarlögn fyrir lýsi var síðast þrýstiprófuð í ágúst 2018. Prófa þarf lögnina með viðurkenndum hætti og var eyðublað sem fylla þarf út, sent rekstraraðila að eftirlitinu loknu.

iii) Notkun olíuflotgirðinga þarf að æfa á fimm ára fresti. Ekki er farið fram á slíkar æfingar þar sem girðingarnar eru ekki á ábyrgð starfsleyfishafa. Hins vegar þarf staðfesting að liggja fyrir á að rekstraraðili hafi aðgang að olíuflotgirðingu ef óhapp verður.

C) Önnur atriði:

i) Fitu, svifefni og COD skal mæla árlega og voru niðurstöður mælinga sem voru gerðar í febrúar 2022, afhentar í eftirlitinu. Rekstraraðila er bent á að láta upplýsingar um rennslis hraða fylgja niðurstöðunum svo hægt sé að sannreyna niðurstöðurnar. Samkvæmt niðurstöðunum var magn fitu í frárennsli frá fitugildru yfir starfsleyfismörkum og er það frávik frá starfsleyfi.

ii) Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skal skila fyrir 1. maí ár hvert og var það gert bæði árið 2021 og 2022.

iii) Tilkynningar um gangsetningu eftir stopp búrúst Umhverfisstofnun 18. janúar 2021 og 9. desember 2021. Öllum mælingum á TVN-gildum og tilkynningum þar að lútandi var skilað skv. kröfum í starfsleyfi.

iv) Farið var yfir takmörkun á olíubrennslu þannig að hámarksafköst verksmiðjunnar séu innan við 20 MW. Samkvæmt tölvupósti dags. 6. maí 2021 var þá búið að taka í notkun búnað sem takmarkar olíufæði í verksmiðjunni. Samkvæmt rekstraraðila bilaði annar mælirinn svo búnaðurinn hefur ekki verið virkur undanfarna mánuði, en til stendur að setja upp nýjan mæli. Umhverfisstofnun fer fram á að fá senda staðfestingu þegar búnaðurinn verður kominn í lag. Rekstraraðili sýndi Excel-skjal þar sem olíunotkun verksmiðjunnar er skráð og þar kemur fram að hámarksafköst verksmiðjunnar hafa, alla mánuði ársins, verið undir 20 MW.

v) Samkvæmt starfsleyfi er heimilt, ef rekstraraðili hefur aðgang að olíuflotgirðingu, að draga úr rýmd lekavarna. Rúmtak lekavarnar skal þá vera meira en sem nemur 60% af rýmd stærsta geymisins að viðbættri rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar.

2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagninga stjórnvaldssekta skv. 67. gr. laga nr. 7/1998.

4. Önnur mál

Samningur er við Terra um sorppjónustu.

Á fundinum var lögð fram staðfesting á að trygging vegna bráðamengunar er í gildi.

5. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð verksmiðjunnar, en engin vinnsla var í verksmiðjunni þegar eftirlitið fór fram. Sýnatökustaðir sem notaðir eru til að taka sýni vegna mælinga á fitu, svifefnum og COD og efnageymsla voru skoðuð sérstaklega.

Frávik frá	Lýsing á frávik
ákvæði í gr. 2.24 í starfsleyfi	Opið niðurfall er í efnageymslu.
5. tl. 20. gr. reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, nr. 884/2017	Lýsisgeymar verksmiðjunnar hafa ekki verið þykktarmældir síðan reglugerðin var sett.
ákvæði í gr. 2.17 í starfsleyfi	Magn fitu í frárennsli frá fitugildru var yfir leyfilegum mörkum skv. starfsleyfi.

ÁBENDINGAR


Fimm ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- a) Mæla skal hraða útblásturslofts frá olíubrennurum þegar katlar eru á eðlilegu vinnsluálagi.
- b) Mæla skal lýsi í frárennsli olíuskilju sem tengd er niðurfalli í lýsisþró, að lágmarki á þriggja ára fresti.
- c) Mæla skal rennsli í frárennsli á sama tíma og sýni vegna mælinga á fitu, svifefnum og COD eru tekin. Rennslismælingarnar skulu fylgja niðurstöðum mælinganna.
- d) Viðurkenndur búnaður sem tryggir að hámarksafköst verksmiðjunnar séu innan settra marka skal vera í lagi.
- e) Tryggja þarf að stærð lekavarnaþróar sé í samræmi við kröfur í starfsleyfi og að skilyrði fyrir að minnka rýmd hennar séu uppfyllt.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.11.2022


Freyr Ávarsson

